# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 33

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Dagskrá
## fyrir fund fátækranefndar Rvíkur
## 13. okt. 1910

1. Jóhann Oddsson biður um ábyrgð á húsaleigu sinni
2. Um ráðstöfun á Ólafi Sigurðsyni frá Hólakoti. –
3. Erindi Bjarna Guðmundssonar um styrk til að kaupa vetrarforða. –
4. Húsaleiga fyrir fráskilinni konu Jóns Einarssonar. (Árni Einarss.)
5. Um eftirgjöf á skólagjaldi fyrir Gísla Kristjánsson (vísað frá bæjarstjórn)
6. Friðrik Sigmundsson biður um lán af fátækrasjóði. –
7. Málið Guðm. Magnússon gegn Þórði Magnússyni
8. Húseign fátækrasjóðs (Sveins Ólafssonar Smiðjustíg). –
9. Ellistyrksumsóknir. –
10. Tillögur til fjárhagsáætlunar næsta ár. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Frumvarp

**til bráðabirgðareglugjörðar um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurkaupstað.**

---

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til brunabóta og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt. Sama er og um önnur hús, er fá vatn leitt úr vatnsveitu bæjarins. Skatturinn skal lagður á eftir virðingarverði húsanna til brunabóta. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátrygðar ásamt því.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skift í flokka til skatts, sem hér segir:

1. flokkur.

a) Byggingar landssjóðs og bæjarsjóðs.
b) Kirkjur, skólar og fundarhús án íbúðar.
c) Geymsluhús, sem engin íbúð er í og ekki fylgja íbúðarhúsi.
d) Íbúðarhús, sem ein fjölskylda býr í og virt eru meira en 25 þús. kr.

2. flokkur.

a) Bankahús, sölubúðir og fundarhús þau, sem jafnframt eru íbúðarhús.
b) Íbúðarhús einstakra manna, sem ein fjölskylda býr í og virt eru 15—25 þús. kr.

3. flokkur.

a) Íbúðarhús, sem ein fjölskylda býr í og virt eru minna en 15,000 kr.
b) Íbúðarhús, sem fleiri en ein fjölskylda býr í. Ef sölubúð er í íbúðarhúsi, telst hún sem íbúð.
c) Sjúkrahús, sem ekki eru eign landssjóðs eða bæjarsjóðs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. flokkur.

Hús þau, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim eru rekin, ef gjaldið er ekki ákveðið sérstaklega samkvæmt 4. gr.

3. gr.

Upphæð skattsins skal fyrst um sinn ákveðin, sem hér segir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fyrir hús | í 1. | flokki | . . . . | $2^1/_2$‰. |
| — | — - 2. | — | . . . . | $3^1/_2$‰. |
| — | — - 3. | — | . . . . | 4‰. |
| — | — - 4. | — | . . . . | 5‰. |

Auk gjalds þessa greiðir húseigandi 6 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 4 kr. fyrir hvern hana utanhúss.

Fyrir hvern stórgrip greiðist 1 kr. sem aukagjald.

4. gr.

Vatnsskattur fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar, skal venjulega ákveðinn með samningi. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársbrúkun hverri 1 kr. fyrir hverja 100 hektólítra upp að 10 þúsund hektólítrum, en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsnefndarinnar og eftir því, hve mikið er notað.

Vatnsveitan leggur til mæli, en notandi greiðir 12 kr. á ári í leigu fyrir hann. Sérstakt leyfi vatnsnefndar þarf til að setja mótora í samband við vatnsæðarnar.

5. gr.

Fyrir vatn, sem látið er úti til skipa á höfninni, greiðast 60 aurar fyrir hvert tonn.

6. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

7. gr.

Vatnsskatturinn greiðist fyrir liðinn ársfjórðung hvern og fellur í gjalddaga 31. marz, 30. júní, 30. september og 31. desember, og greiðist í fyrsta sinn 31. desember næstk. Sé skatturinn ekki greiddur í síðasta lagi mánuði eftir gjalddaga, greiði skuldunautur að auki 2% af skattsupphæðinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Áætlan
## um tekjur og gjøld fátækrastýrisins 1911.–

## Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1, | Endurgjald af styrki veittum innanbygdarmonnum – | kr. 1600.00 |
| 2, | — " — frá øðrum sveitum og þurfam. þeirra. | – 3300.00 |

## Gjøld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a | 1, | Til ómaga undir 16 ára — | kr. 3000.00 |
| b | 2, | – þurfamanna eldri enn 16 ára – | – 25000.00 |
| c. | 3, | Greftrunarkostnaður þurfamanna – | – 300.00 |
| d. | 4, | þurfamannaflutningur — | – 200.00 |
| e. | 5, | Onnur útgjøld. | – 600.00 |
| f | 6, | Lán til annara sveita og þurfamanna þeirra – | – 5000.00 |
| | | Samtals = | kr 33,100.00 |
| | | ÷ | – ~~4900.00~~ |
| | | = | 29,200.00 |

~~3/10000~~
33

Reykjavíkur

1.

Ég undirskrifaður Bjarni Guð-
mundsson tómthúsmaður á
Stóra-Skipholti í Reykjavík,
hefi sökum alvarlegrar heilsu-
bilunar ekkert getað unnið
mér inn í sumar. hefi ég opt
orðið að liggja rúmfastur.
Er ég þess vegna í algjörðum
vandræðum með að sjá heimilis-
fólki mínu, sem er kona og
tvö börn, bæði langt fyrir innan
ferminguu, – fyrir vetrarforða.
Og með því ekkert hefir úr þessu
ræst, og ég sé eigi fram á nein
bjargráð, þá verð ég að snúa
mér til hinnar háttvirtu fátækra-
nefndar Reykjavíkur og biðja
hana að hlutast til um, að mér
eða heimili mínu verði veitt sú
fjárhagsleg hjálp, er nægja þykir

S. Bók. 8/1 1916

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til sómilegrar framfærslu heimilinu frá þessum tíma til næstkomandi vordag, fyrir það fyrsta.—
Eg skal láta þess getið, að bóndi einn upp í Borgarfirði hefir boðið mér að dvelja hjá sér um tíma, ef vera mætti að heilsa mín batnaði við hollara viðurværi svo sem mjólkurmat og þess konar.—
Vænti ég fastlega að þessari beiðni minni verði gaumur gefin áður langt líður, og getur fátækranefndin fengið örugga vissu og nákvæmar upplýsingar á heimili mínu, eða með því að tala við konu mína Valgerði Einarsdóttur. Sömuleiðis munda læknar þeir sem ég hefi leitað til, vafalaust

votta það, að ég hef ekki farið neinum öfgaorðum um veikleika minn.—

Stóra Skipholti 26. sept. 1910.

Bjarni Guðmundsson

Til
fátækranefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Háttvirta fátækranefnd Reykja=
=víkur gefst til kinna, að Ólafur
Sigurðsson, sem kendur er við Holakot,
er ný komin austan frá Austfjörðum,
hefir ekki getað inn unnið sjer neitt, af
því hann varð veikur, og lá fyrir austan
kom hann því til mín alslaus og hefir
ekkert á að lifa. Nú þar sem jeg er
protin að heilsu og það fyrir löngu og
get ekki, eða með naum indum út úr
húsinu komist við hækju, þá er
mér ómögu legt að undir halda
Ólaf son minn neirnahluta vegna, og
neiðist jeg því til að, til segja yður hann,
heiðraða fátækra stjórn, til ráð stöfunar
hið allra bráðasta, og óska jeg að þjer gjörið þá
ráðstöfun sem fyrst svo jeg geti orðið
laus við hann. Virðingarfylst.

Óðinsgötu Reykjavík 23. sept '10 Kristin Guðmundsdóttir

Til
fátækranefndar Reykjavíkur

f. Rek. 23/10 10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Má ávísa 25 kr

Þar sem eg er ekki í neynum efa
um að þessi 5 krónustyrkur um mánuð-
in auk húsaleigustirksins sem eg hefi
feingið, eða til að lifa af beinlínis verði
mjer ekki veyttur framveigis. Er það ekki
meining mín að kvarta um með þessu brjefi
hvaða kvalarlíf það er að hafa 16 aura um
daginn sem duga skal til matar Eldiviðs ljósa
og Vatnsskatt 50 aura um mánuðin, En sje
það rólegast að þegja það ergir hvorki mig nje
aðra En aðeins er það samt bón mín til hinnar
Heydruðu Fátækranefndar að mjer mætti nú
veytast þessi 5 krónu styrkur til nokkurra
mánaða fyrirfram svo sem 25 krónur í einu
lagi til að fá dálítið sitt af hverju til að lifa
á núna um sláturstíman. Eg vona als góðs og
fá svar sem fyrst

virðingarfyllst

Kárastíg 2 10 Oktobr 1910

Þórður Stefánsson

~~B.F.~~ Rvk 84/1910

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Seydisfirdi 17/9 – 10

24/9

Sökum þess að hjer er ordin svo dýr húsaleiga í bænum, enn mjer stendur til boða að kaupa Hús, með allgóðum skilmála, enn hef ekki þang efni að jeg geti svarað út þeirri upphæð sem þarf til að festa kaupin,

Þá leifi jeg mjer hjer með að fara fram á þá beiðni til hinnar heiðruðu Fátækrastjórnar hvert hún ekki vilji gjöra svo vel að hlaupa undir bagga með mjer, og hjálpa mjer, um. 200. Tvöhundruð Krónur. Svo jeg geti orðið hússins njótandi. Jeg vonast eptir hins besta svars sem fyrst.

með virðingu.

Jóhannes Oddsson

Til.

Fátækrastjórnar Reykjavíkur.

22/10 10
L. Rvk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og kunnugt er hefi eg Einmana fyrir 3 börnum ad sjá sidan eg misti konuna mína sem mjer vill fyrnast þingbært og Erviðt og Eitt af þessum börnum minum er hjá Herra Þorsteini Magnussyni á Þórukoti á Alftanesi. þessi sonur minn heitir Sigurbjörn 3 ára og hefur hann lofad mjer ad hafa það hjá sjer næsta vetur fyrir 2 krónur um vikuna. En sökum þess ad eg er svo fátækur ad eg ottast fyrir ad Eiga bágt med Endurgjald eda medlag med öllum þessum börnum Eins og tjedur Þorsteinn veit ~~sam~~ Enn þó vill hann hjálpa mjer og halda barnid þó med því skilirdi ad Eg gefi honum trigginguu fyrir ad medlagid verdi borgad frá Einhverri sidu. Ef Eg kynni Ekki ad geta stadid straum af því af Eigin ramleik. sem audveldlega getur fyrir komid, þó eg af fremsta megni geri þad sem mjer er mögulegt og þar eg hef Ekki annad ad flyja þá Leyfi eg mjer virdingarfyllst ad bidja hina Heydrudu Fátækra= nefnd svo vel gjöra og gefa mjer samþykki sitt til ad hún vilji taka ábyrd á ad medlagid verdi borgad Ef eg kann ad falla frá eda á annan hátt get Ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F. Rvk. 8/10 1910

stadið í skilum, og vona því og treyst að nefnd
góðfúslega gefi mjer skriflega ábyrgðar trygg=
ingu sem eg gæti fengið velnefndum Þorsteini
Magnússyni frá hennar hálfu og með henna undir=
skrift
virðingarfyllst
Hverfisgötu 30B 12 Oktober 1910

Tómas Halldórsson Skósmiður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með brjefi þessu er það virðingarfyllst bón mín til Hinnar Heyðruðu Fátækranefnd-ar. að hún vildi svo vel gjöra og veyta mjer hjálp á þann veg að eg gæti Eignast 3 eða 4 kjötkroppa núna meðan kjötsalan stendur yfir. það er helst sem knír mig til að beyðast þessarar bónar að Eg hefi Ekki haft heylsu til að vinna þettað útlíðandi sumar nema aðeins útá sjöinn sem hefur geyngið missjafnlega til og gefið mjer litin afgáng til að lifa af, og svo líka að eg hefi 3 börn sem Eiga að stunda lærdóm sem er þeim altaf þvingandi ef þaug verða að líða sult, Eða svo ljelegt fæði sem aðeins heldur i þeim lífinu, En dregur úr þeim allan þrótt og lærdóms áhuga, Eg vona að þessi bón min sje á rökum bigð og mjer þess vegna verði Ekki sinjað og vona alt góðs

Virðingarfyllst

Litluklöpp 13 Októbr 1910

Brinjólfur Eiríksson

F. Rvk. 79/1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vegna þess að jeg þetta ár hefi orðið fyrir svo þungum og kostnaðarsömum sjúkdómstilfellum, þar sem kona mín hefi síðan í marzmánuði í fyrravetur verið sárveik og legið á Landakotsspítala í 4 mánuði, og þar verið gerður á henni mikill holdskurður, og hún enn verður að njóta læknishjálpar á hverjum einasta degi, og enn er eigi sjeð fyrir endann á því hvort, eða hvenær, henni verður heilsu auðið; og sum börn mín hafa einnig orðið svo veik um tíma, að þau hafa þurft læknishjálpar við, þá eru fjárhagslegar ástæður mínar orðnar svo örðugar, að jeg eigi get komizt af með fjölskyldu mína án þess að fá til þess hjálp; og þess vegna leyfi jeg mjer virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer nú þegar 160 króna lán úr fátækrasjóði, sem jeg vil skuldbinda mig til að endurborga fátækrasjóðnum á næstkomandi hausti, svo framarlega sem heimilisástæður mínar rjetta svo við, að mjer mjer verði það mögulegt.

Reykjavík, 10. október 1910.

Virðingarfyllst.

Grímur Ólafsson.

Vesturgötu 38.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

L. Rvk. 8/ 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirituð leyfum okkur hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækranefnd, að hún vildi hækka meðgjöfina með drengnum, Sören Sörensen, sem hjá okkur er, úr 80 kr. upp í 100 kr. á ári. Drengurinn stakkar og þarf a meira og meira með, bæði af fötum og fæði, en á hinn bóginn hækka allar nauðsynjavörur í verði, og vonum við því, að hinni heiðruðu fátækranefnd finnist ekki beiðni vor ósanngjörn.

Virðingarfyllst
Guðný Jónsdóttir. Hermann Guðmundsson
Laugaveg 35.

Reykjavík 13. d. októberm. 1910

Til

fátækranefndar Reykjavíkur.

18/10
[illegible]
K. Zoëga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 26 Sep. 1910.

Hér með leyfi ég mér undirritaður að krefjast meðgjafar með barninu Elínu Magnúsdóttir, sem hjá mér hefur dvalið síðan 14 janúar þ. á., – fullt ómaga framfæri –.

Barn þetta er 3ja ára að aldri; og er hún dóttir Magnúsar Sigurðssonar, er síðast bjó í húsinu 48 við Njálsgötu og fór til Ameríku síðast liðinn vetur. – Móðir barnsins dó síðast liðinn vetur –.

Eg treysti hinni háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur til þess að líta með sanngirni á þessa kröfu mína og fullnægja henni, enda mun ég þá ekki ófús á að hafa nefnt barn á heimili mínu framvegis, gegn fullkomnu meðlagi.

Virðingarfyllst
Jón Ólafsson Laugarveg 46.

Til
fátækranefndar Reykjavíkur

f. Rvk. 7/11 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur